



Yggdrasill Carbon
Fagradalsbraut 11,
700 Egilsstöðum
yggcarbon@yggcarbon.com

Selfossi 20. ágúst 2024

Efni: Skógrækt i landi Saltvíkur, Norðurþingi

Félagið [Vinir íslenskrar náttúru](#) (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins. Félagið var formlega stofnað árið 2022. Stofnfélagar voru 41 en nú eru yfir 100 virkir félagar. Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenskri löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenskri löggjöf um náttúruvernd í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni. Félagið leggur m.a. áherslu á að vernda líffræðilega fjölbreytni og koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskri náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótár tillögur til úrbóta. Lögð er áhersla á að stjórnvöld sinni hinni brýnu þörf fyrir skipulag og framkvæmd áætlana sem varða náttúru landsins og að veita aðhald við framgang þeirra. Félagið styður eindregið aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og kolefnisbindingu sem ekki hefur neikvæð áhrif á náttúru Íslands. Félagið stuðlar að því að komið sé á framfæri áreiðanlegum upplýsingum um kolefnisbindingu og mat á kolefniseiningum og leggur áherslu á að notuð séu alþjóðleg vottunarkerfi með viðurkenndum kröfum og viðmiðum, sem jafnframt taka tillit til íslenskra aðstæðna. VÍN er ekki á móti skógrækt en leggur áherslu á: *Rétt tré á réttum stað.*

Skógrækt á landi Saltvíkur til framleiðslu á kolefniseiningum til sölu

Stjórn VÍN hefur fylgst með umfjöllun í fjölmiðlum og umræðum í samfélagsmiðlum um verkefni Yggdrasils Carbon í Saltvík í Norðurþingi. Við höfum einnig skoðað [ræktunaráætlun](#) verkefnisins á vef sveitarfélagsins, sem og [greinargerð fyrirtækisins](#) dagsetta 18. mars 2024. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði vottað sem [Skógarkolefnis-](#)verkefni en verkefnið hefur þó ekki enn verið skráð í loftslagsskrána [International Carbon Registry](#) og ekki eru frekari upplýsingar um verkefnið að finna á vef [Yggdrasils Carbon](#).

Fyrir hönd stjórnar VÍN fer undirritaður því þess á leit að Yggdrasil Carbon veiti svör við eftirfarandi spurningum:

1. Skógræktarsvæðið við Saltvík í Norðurþingi er ríkt mólendi, hvað varðar plöntur og fuglalíf, á tiltölulega kolefnisríkum jarðvegi. Telur Yggdrasill Carbon það samrýmast verndun líffræðilegrar fjölbreytni að rækta skóg með framandi tegundum á slíku svæði?
2. Kannaði fyrirtækið möguleikann á að vinna frekar að kolefnisbindingu með endurheimt vistkerfa en með skógrækt með framandi tegundum barrtrjáa – og hvort hægt væri að vinna að vottun verkefnisins sem Gold Standard verkefni frekar en að nota staðla Skógarkolefnisverkefnis? Af hverju var síðari leiðin farin?
3. Er fyrirtækinu kunnugt um að skógræktarverkefni sem byggja á einræktun, með sömu trjátegund á sama aldri á stórum svæðum, muni ekki geta fallið undir [vottunarramma ESB](#) fyrir kolefnisbindingu?
4. Samkvæmt Skógarkolefni 2.0 skal í ræktunaráætlun rökstyðja hvernig stuðlað verður að myndun fjölbreyttra skógarvistkerfa og hvernig staðið verður að eftirliti með því. Telur fyrirtækið að ræktunaráætlun verkefnisins standist þessar kröfur?
5. Samkvæmt ofan nefndri greinargerð til sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að nota stafafuru, rússalerki og birki í hlutföllunum 60/30/10. Hafa áhrif verkefnisins á endurkast og ísog sólgeislunar verið metin og hvert jafngildi þeirra breytinga eru í kolefniseiningum?
6. Í [umfjöllun Morgunblaðsins](#) um verkefnið þann 15. júlí kemur fram að Yggdrasill Carbon muni gera grein fyrir þeirri losun sem fylgir jarðvinnslu í öllum gögnum um verkefnið og við vottun þess. Hvernig hyggst fyrirtækið mæla þessa losun? Ef slíkar mælingar eru hafnar, hverjar eru fyrstu niðurstöður þeirra?
7. Í þeim tveimur Skógarkolefnisverkefnum sem fyrirtækið hefur þegar fengið vottuð er því slegið fast fram að „Ræktun skógar á slíku landi auki kolefnisforða sem nemi vexti skógarins en ekki meira en það“. Samt sem áður er reiknað með umtalsverðri kolefnisbindingu í jarðvegi í þessum verkefnum, nánar tiltekið 1,3 tonn CO₂ á hektara á ári í 45 ár. Verður áætluð heildarbinding í Saltvík reiknuð á sama hátt og hvernig ætlar fyrirtækið í framtíðinni að sannreyna að þessi binding hafi átt sér stað?

Virðingarfyllst,



Sveinn Runólfsson, formaður VÍN

Afrit:

Sveitarstjórn Norðurþings (nordurthing@nordurthing.is)

Náttúrustofa Norðausturlands (nna@nna.is)

Land og skógur (landogskogur@landogskogur.is)

Umhveris-, orku- og loftslagsráðuneyti (urn@urn.is)

Matvælaráðuneyti, (mar@mar.is)